

DV

Sviðsljós

Söfnun fyrir barnastarfsemi Stígamóta: Markaðsdagur á Lækjartorgi


Það var hægt að gera reyfara-kaup á öllu milli himins og jarðar á markaðsdegi Lionsklúbbsins Víðarr sunnudaginn 13. júní.

Allt frá því í febrúar hafa meðlimir Lionsklúbbsins Víðarr verið að safna ýmsum munum, stórum og smáum, fyrir þennan markaðsdag. Ástæðan fyrir honum er söfnun fyrir barnastarf Stígamóta en þau eru mörg börnin sem eiga um sárt að binda vegna kynferðislegs ofbeldis.

Það voru bæði einstaklingar og fyrirtæki sem lögðu til munina sem til sölu voru. Einnig voru það mörg fyrirtæki sem studdu söfnunina með peningaframlagi. Reykjavíkurborg lagði sitt af mörkum með því að lána allan þann búnað og mannafla sem þurfti.

Einnig voru það fjölmargir skemmtikraftar sem lögðu fram vinnu sína, t.d. Dixieland-band Lúðrasveitar Kópavogs, Reynir Jónasson harmóníkuleikari, söngsveitin Svartir strumpar, Sniglabandið, Lipstick Lovers og Ríó tríó.

Söfnunin gekk fram úr vonum og næstum allt seldist. Áætlað var



Það voru þeir Ásgeir Höskuldsson og Kjartan Mogensen sem báru hitann og þungann af þessum markaðsdegi.

að u.þ.b. 750 þúsund krónur hefðu safnast á þessum degi. En þeir sem komust ekki niður á Lækjartorg þennan dag til að leggja sitt af mörkum geta nálgast giróseðil í næsta Íslandsbanka og komið þannig sínu framlagi til Stígamóta.

Það er rétt að benda á að opið hús er hjá Stígamótum á hverjum degi frá kl. 9-19 á Vesturgötu 3 og síminn er 626868. HMR



Það voru þeir Guðgeir frá Kjötbankanum og Valdimar frá nautgripabændum sem sáu um að grilla ofan í mannskapinn.



Það var glatt á hjalla hjá starfsfólki Örva í sumarferð þess.


Nautaveisla við harmóníkuleik

Starfsfólk Örva í Kópavogi og nautgripabændur gerðu sér gláðan dag í Viðey nýlega í glampandi sól og sumarveðri. Örvi er verndaður vinnustaður og starfsfólk hans fer árlega í stutt ferðalag. Í ár var farið

út í Viðey í boði nautgripabænda og Kjötbankans en Örvi framleiðir að hluta umbúðir utan um Kjötveislu sem er framleiðsla þessara tveggja aðila. Á boðstólum voru grillaðir ham-

borgarar og nautasteikur eins og hver gat í sig látið. Eftir matinn var dansað og sungið við harmóníkuleik Karls Jónatanssonar.

HMR



Það var hægt að gera kjarakaup á Lækjartorgi. Sem dæmi um vöruúrvalið má nefna kertastjaka, sófa, jakka, töskur, myndir, hljóðfæri o.m.fl. DV-myndir HMR

Menning



Ein ljósmynda Mary Ellen Mark á Kjarvalsstöðum.

Líf skúmaskotanna leitt í ljós

– Mary Ellen Mark á Kjarvalsstöðum

Listin að fanga galdur augnabliksins er ekki á allra færi. Keppikefli ljósmyndara hefur löngum verið að höndla þann galdur með því að vera á réttum stað á réttum tíma. Fréttaljósmyndin nær þessu markmiði þegar best lætur en í meirihluta tilvika er þar um samspil tilviljunar og innsæis ljósmyndarans að ræða. Uppstillingar listrænnar ljósmyndunar eru annars eðlis. Þar er myndbygging og blær myndarinnar í fyrirrími líkt og í málverki jafnframt því sem inntakið öðlast – þegar vel tekst til – nýja og áður ókunna dýpt. Hinn kunnir bandaríski ljósmyndari, Mary Ellen Mark, sem sýnir nú myndir sínar á Kjarvalsstöðum, sameinar á einstakan hátt þessa tvo grunnþætti úrvalsljósmyndunar.

Hér má t.d. nefna til mynd af trúðum að hvíla sig og aðra mynd af liðugri stúlku með hvolpinn sinn.

Á jaðri samfélagsins

Myndröðin frá Tyrklandi er sú elsta á sýningunni. Af þeirri röð að dæma hefur listakonan alla tíð verið staðföst í listrænni nálgun sinni. Hún leitar þar, líkt og í seinni myndröðunum, að ímynd hins sérstæða sem lifir á jaðri samfélagsins, útskýfað en stolt. Myndir frá Bandaríkjunum eru ekki síður athyglisverðar. Þar ber að mínu viti hæst myndröð af fkniefnaneytendum og ennfremur röð mynda af geðsjúklingum og holdsveik-

Myndlist

Ólafur Engilbertsson


um á sjúkraföndunum. Myndir af heimilslausum í Bandaríkjunum eru einnig eftirminnilegar og ná e.t.v. hvað best að ná utan um það frásagnarform sem listakonunni virðist vera ofarlega í huga. Myndirnar segja flestar hverjar langa og örlogaríka sögu; í ásjónunum sem þær birta býr ólga sem hefur kraft til að geta af sér nýja sköpun í huga áhorfandans. Þegar svo er komið hlýtur list ljósmyndarans að kveikja líf með því að leiða í ljós. Háleitara getur markmiðið varla verið. Sýningunni á ljósmyndum Mary Ellen Mark lýkur þann 11. júlí.

Bak við tjöldin

Sýning þessi er farandsýning og var opnuð í Bandaríkjunum fyrir tveimur árum í tilefni af tuttugu og fimm ára starfsafmæli listakonunnar. Þennan tíma hefur sýningin ferðast vítt og breitt um heiminn og hvarvetna hlotið mikla athygli. Það er líka óhætt að segja að myndraðir Mary Ellen Mark séu alþjóðlegar. Í þessi tuttugu og fimm ár hefur hún ferðast m.a. um Tyrkland og fleiri Evrópulönd, Suður-Ameríku og Indland auk Bandaríkjanna. Nýjasta myndröðin á sýningunni er frá Indlandi; myndir af sérstæðu fólki á bak við tjöldin í ferðasirkusum. Þessar myndir eru í senn átakanlegar og fullar af mannlegri hluttekningu; það er fegurðin utan hinna viðteknu norma sem listakonan sækist eftir að ná fram og tekst í flestum tilvikum afburðavel og án þess að gert sé lítið úr viðfangsefninu.

DV

Smáauglýsingar



Ódýri tjaldvagninn. Frumsýnum ódýran og vandaðan, 4ra manna fjölskylduvagn, með fortjaldi, sem kemur mjög á óvart, verð aðeins kr. 269.800 stgr., takmarkað magn. Verið velkomin í sýningarsal okkar. Víkurvagnar, Síðumúla 19, s. 684911.

■ Bílar til sölu



Glæsilegur Ford Econoline 250, árg. '78, til sölu, 4x4, glæsileg, ný ferðainnréttning, vaskur, eldaveil, allur bíllinn ný-upptekinn, 33" dekk á álfelgum, allur bíllinn sem nýr, skipti á ódýrari, eða gott staðgreiðsluverð. Uppl. í síma 91-682248 og vs. 91-670630.



Subaru Legacy Arctic, árg. '92, til sölu, ekinn 6.000 km. Upplýsingar í síma 91-617195, 91-681965 og 985-31195.



Volvo FL 614 '90 til sölu, ekinn 71.000 km, burður 7 t, góð dekk, kassi árg. '91, lengd 7,10, breidd 2,55, 3 hurðir hægra megin, ein vinstra megin, plast í gólfi, 2 t lyfta með álpalli, skipti möguleg. S. 91-38944 og 985-22058.



Til sölu Citroën húsbíll, árg. '84. Bíllinn er allur innréttaður, með svefnpláss fyrir 3. Fæst á góðu verði ef samið er strax. Uppl. í síma 91-20935.



VW Golf GL, árg. '86, 1500, til sölu, 4ra dyra, ekinn 128 þúsund km. Staðgreiðsluverð kr. 350.000. Uppl. í síma 985-41467.